

65
26. maí

Samþykkt

um mótak o. fl. fyrir Innri-Akraneshrepp.

1. gr.

Hver sá, er mó tekur upp á samþyktarsvæðinu, skal gæta þess vandlega að nýta vel mólandið, hafa vatnsbakka, þar sem þeirra er þörf, ekki þykkari en þörf frekast krefur og ná mónum úr þeim svo sem kostur er.

2. gr.

Svo skal ávalt frá mógröfum gengið, að áður en upp er tekið, sje grasrótin rist ofan af grafarstæðinu, svo sem venja er til við þaksljettur. Síðan er lokið er moupptektinni skal fella eða stinga niður vatnsbakka og jafna öllum ruðning, er ofan á móluginu hefir verið, til í gröfinni svo sljett sje og þekja hana síðan með grasrótinni. Skal slíkum viðskilnaði á mógröfunum vera að fullu lokið innan þriggja vikna frá því er mór var upptekinn.

3. gr.

Veita skal vatni frá mógröfunum svo sem kostur er og yfir höfuð leggja stund á að þurka mólandið og mógrafirnar með þeim frágangi sem á þeim er samkv. annari grein, svo það land geti sem fyrst orðið arðberandi sem slægju eða beitoland.

4. gr.

Ekki má taka mó upp í bökkum við sjó þar sem það flýtir fyrir afbroti landsins, nema jafnframt sje girt fyrir afbrotið.

5. gr.

Allur mór sem upp er tekinn á samþyktarsvæðinu skal vera kominn í hlaða á þurkvellinum fyrir veturnætur ár hvert, sje hann þá ekki heimfluttur.

6. gr.

Hreppsnefndin hefir eftirlit með því að samþyktinni sje hlýtt og greiðist kostnaður við eftirlitið úr hreppssjóði.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—50 kr. og renna sektirnar í hreppssjóð.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samþykkt, staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 23, 22. október 1912 til að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 26. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.